

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um veiðarfærarannsóknir.

1. Hafa farið fram rannsóknir á þeim skaða sem hugsanlega hlýst af notkun flotvarpna við uppsjávarveiðar innan íslenskrar landhelgi og efsvo er, hverjar eru helstu niðurstöður?

Síðan í maí 2003 hafa eftirlitsmenn Fiskistofu mælt hlutfall meðafla við flotvörpuveiðar á kolmunna og hafa mælingarnar náð til um 10% kolmunnafarma. Hafrannsóknastofnunin hefur haft samráð við Fiskistofu um þessar mælingar.

Alls hefur meðafla numið um 0,6% úr þessum förmum, mest ufsi (0,4%) en einnig gulllax (0,13%), þorskur (0,027%), grásleppa (0,023%) og karfi (0,018%). Mest fengust 52 tonn af ufsa (3%) í færeysku lögsögunni og 31 tonn (1,0–1,5%) af ufsa í þeirri íslensku. Aðrar mælingar hafa verið á bilinu 0–0,7%. Enginn meðafla hefur mælst í vel yfir helmingi veiðiferðanna og nokkrar slæmar mælingar hafa því mikil áhrif á heildarútkomuna.

Ef gert er ráð fyrir því að sama hlutfall meðafla verði í öllum kolmunnaafla ársins og náist að veiða 547 þús. tonn, þ.e. aflamark ársins 2003, yrði meðafla alls 3.280 tonn, þar af rúmlega 2.200 tonn af ufsa. Þetta yrði umtalsverður ufsaafla í ljósi þess að aflamark ufsa er 50 þús. tonn. Af öðrum tegundum yrði meðafla hins vegar hlutfallslega lítill. Þess skal þó getið að kolmunnaafllinn mun að líkindum verða mun minni á árinu 2003 auk þess sem stór hluti aflans og þar með meðafla veiðist utan íslenskrar lögsögu.

Við flotvörpuveiðar fer allur meðafla í bræðslu. Mögulegt er talið að flokka meðafla frá með því að hafa einhvers konar rist á dekki en þá þyrfti að útbúa þessi skip með lest fyrir ís- aðan afla.

Í Noregi hafa verið gerðar tilraunir með skilju í síldarvörpu með þokkalegum árangri og eru áætlanir um slíkar tilraunir hér á landi á næsta ári, bæði við síld- og kolmunnaveiðar. Hugsanlega er notkun flotvörpuskilju vænlegasta úrræðið til að draga úr meðafla við þessar veiðar. Með því móti næðist þó aðeins að skilja út fisk sem er stærri en sóknartegundin.

2. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á svæðum sem lokuð hafa verið til lengri tíma fyrir togveiðum bæði með flotvörpu og botnvörpu og hverjar eru helstu líffræðilegar breytingar á þeim svæðum sem komið hafa í ljós?

Hafrannsóknastofnunin hefur merkt þorsk á reglugerðarsvæðum sem lokuð hafa verið til lengri tíma og borið saman við merkingar á nálægum opnum svæðum. Niðurstöður leiddu í ljós að fiskur sem merktur var á lokuðum svæðum endurheimtist mun síðar og því mun stærri en sá sem merktur var á opnum svæðum. Lokun svæða getur því dregið úr veiðum á smærri fiski. Svæðislokanir til lengri tíma stuðla einnig að minna brottkasti enda hafa viðkomandi svæði verið valin sem þekkt uppeldis- eða smáfisksvæði, einkum fyrir þorsk og karfa.

Þess má einnig geta að Hafrannsóknastofnunin fyrirhugar að hefja rannsóknir á áhrifum svæðafriðana á samfélög botnlægra fiska og botndýra á árinu 2004.

3. *Hve miklu fé hefur Hafrannsóknastofnunin varið árlega til veiðarfærarannsóknna sl. 15 ár og hve hátt hlutfall hefur þetta verið af árlegum heildarútgjöldum stofnunarinnar á sama tímabili?*

Afbókhaldslegum ástæðum liggur ekki fyrir sundurgreint nú hve miklu fé Hafrannsóknastofnunin hefur varið árlega til veiðarfærarannsóknna á umræddu tímabili. Í eftirfarandi töflu sést hins vegar hver þróunin hefur verið árin 1993–2003. Sést þar að af sundurliðuðum kostnaði við rekstur stofnunarinnar er áætlað að verja um 42 millj. kr. til verkefna sem beinlínis tengjast þessu sviði, eða um 3% af sundurliðuðum rekstrarkostnaði, og hefur veruleg aukning orðið þar undanfarin ár. Ekki er hér með talinn sameiginlegur stjórnunarkostnaður eða verkefni þar sem veiðarfæraathuganir koma óbeint við sögu. Af nýlegum eða yfirstandandi verkefnum á sviði veiðarfærarannsóknna eru prófanir á smáfiskaskilju vegna löggildingar mjúkskilju svokallaðrar, sviflægar fiskagildirur og krabbagildirur, veiðitilraunir á miðsjávarfiski, veiðihæfni kúffiskplógs og athuganir á meðafla í hörpudiskveiðum og flotvörpuveiðum.

Hlutfall kostnaðar við veiðarfærarannsóknir hjá Hafrannsóknastofnuninni 1993–2002 (áætlun 2003), fjárhæðir í þús. kr.

Ár	Heildar- gjöld	Ósundurliðað á verkefni	Sundurliðað á verkefni	Veiðarfæra- rannsóknir	% af sundurliðuðu
1993	723.239	189.344	533.895	9.480	1,8
1994	739.972	133.872	606.100	14.019	2,3
1995	802.471	102.639	699.832	6.219	0,9
1996	846.702	105.882	740.820	23.256	3,1
1997	915.706	114.301	801.405	28.155	3,5
1998	1.012.311	133.348	878.963	10.394	1,2
1999	1.042.813	148.529	894.284	6.048	0,7
2000	1.132.053	221.664	910.389	8.408	0,9
2001	1.351.780	190.102	1.161.678	29.385	2,5
2002	1.483.146	225.262	1.257.884	34.878	2,8
2003	1.754.400	361.750	1.392.650	42.241	3,0